

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal endurskoða skipulagsskrána á 10 ára fresti. Má þá breyta henni eftir því viðhorfi, sem breyttir tímar kunna að hafa skapað. Sér til aðstoðar skal stjórnin velja tvær konur, er hún telur best hæfar til þess starfa.

Þess skal vel gætt við breytingar skipulagsskrárinnar, að upphaflegt markmið sjóðsins sé í heiðri haft.

8. gr.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega. Tilnefnir hreppsnefnd Hálshrepps tvo menn til þess.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist af Stjórnarráði Íslands.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Menningarsjóð kvenna í gamla Hálshreppi, nr. 67 frá 31. mars 1950.

Skipulagsskrá þessi staðfestir hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og líknarsjóð Kumbaravogs.

Hjónin Kristján Friðbergsson og Hanna G. Halldórsdóttir, Kumbaravogi, Stokkseyri, stofna hér með líknarsjóð með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Menningar- og líknarsjóður Kumbaravogs.

2. gr.

Varnarþing.

Heimili sjóðsins og varnarþing er á Stokkseyri.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnendur leggja fram sem stofnfé sjóðsins 1 000 000, krónur í peningum og hlutabréfum. Það fé sem sjóðnum kann að berast fyrir 1. mars 1991 skal talið til stofnfjár.

4. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins skulu vera arður af stofnfé, framlög, arfur og fleira og sjóðsstjórn er heimilt að ávaxta féð, á þann hátt sem hún telur bestan.

5. gr.
Hlutverk.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja hvers konar menningarstarfsemi og líknarstörf eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar. Er heimilt að verja hvers konar tekjum sjóðsins í þessu skyni. Stofnfé má ekki skerða nema skv. 8. gr.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Í fyrstu stjórn sjóðsins skulu vera Kristján Friðbergsson, forstjóri, formaður og Hanna G. Halldórsdóttir, forstöðukona Kumbaravogi, Stokkseyri og Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri, Stardal, Stokkseyri.

Falli stjórnarmaður frá eða láti af störfum skulu þeir sem eftir eru í stjórninni tilnefna mann í hans stað samkvæmt nánari reglum um val stjórnarmanna sem fyrsta stjórn setur. Fyrsti varamaður er Halldór J. Kristjánsson, lögfræðingur, Krókamýri 6, Garðabæ. Skiptir stjórnin þá sjálf með sér verkum.

7. gr.
Reikningshald og endurskoðun.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Um bókhald sjóðsins og reikningshald skal fara eftir gildandi lögum um bókhald og góðum reikningsskilavenjum.

Reikningsskilum skal lokið fyrir 15. febrúar ár hvert og skal ársreikningurinn endurskoðaður af kjörnum endurskoðanda.

Ársreikning skal senda ríkisendurskoðanda.

8. gr.
Breyting á stofnskrá.

Ef unnið er að sérstöku stórverkefni á sviði menningar- eða líknarstarfs og sjóðsstjórn verður um það sammála má verja öllum eigum sjóðsins til þessa verkefnis og leggja sjóðinn þannig niður. Sömuleiðis má breyta skipulagsskrá þessari, ef sjóðsstjórn verður um það sammála.

9. gr.
Staðfesting.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Ennfremur skal leita staðfestingar dómsmálaráðherra, ef beita skal ákvæði 8. gr.

Stokkseyri, 23. nóvember 1990.

Kristján Friðbergsson.

Hanna G. Halldórsdóttir.

Vottar:

Guðni Kristjánsson, Stardal, Stokkseyri,

Halldór J. Kristjánsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.